

## Verðlaunaafhending í samkeppni um tónlistarhús á Íslandi

# Ætlunin að ljúka við tónlistarhúsið árið 1990

Kostnaður áætlaður um 400 milljónir kr.

ÍSLENSKUR ARKITEKT, Guðmundur Jónsson, hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni sem haldin var um byggingu tónlistarhúss á Íslandi. Í umsögn dómnefndar um tillöguna segir að hún vekir athygli fyrir skýra heildarmynd og traustvekjandi útfærslu. Önnur verðlaun hlutu arkitektarnir Christian Karlsson og Lars Clausen, frá Danmörku, og þriðju verðlaun féllu í hlut arkitektanna Dan Cristiansen og Kjær og Richter, einnig frá Danmörku.

Verðlaunafé var samtals þrjár milljónir króna og var þess afluð með frjálsum framlögum, happdrætti og styrk frá Norræna menningarmálasjóðnum. Alls bárust samkeppninni 75 tillögur frá Norðurlöndunum og voru 19 þeirra íslenskar.

Verðlaunaafhendingin fór fram á laugardaginn við hátíðlega afhöfn í Listasafni Háskólans, í Odda að viðstöddum forseta Íslands, Vigdís Finnbogadóttur, Davíð Oddssyni, borgarstjóra, og Sverri Hermannssyni, menntamálaráðherra, sem fyrir hönd Samtaka um byggingu tónlistarhúss á Íslandi afhenti verðlaunin.

Ármann Örn Ármannsson, formaður nefndarinnar, ávarpaði viðstadda og þakkaði öllum þeim sem stutt höfðu framkvæmd þessarar samkeppni og trúað á að bygging tónlistarhúss á Íslandi mætti verða að veruleika.

Á fundi sem dómnefndarmenn héldu með fréttamönnum kom fram í máli Armanns Arnars að ætlunin er að ljúka byggingu tónlistarhússins árið 1990 og er áætlaður kostnaður um 400 milljónir króna.

Í skýrslu dómnefndarinnar kom fram að markmið keppinnar hefði verið að velja tillögu sem uppfyllti þær kröfur sem gerðar hefðu verið, jafnframt því sem húsið yrði að standa undir nafni sem alþjóðlegt tónlistarhús á Íslandi. Leitað hefði verið að húsi með tónlistarsölum með sem fullkomnum hljómburði.

Tillögurnar, sem bárust, voru fjölbreyttar hvað varðaði aðferðir og úrlausnir og settar fram á mjög misjafnan hátt, allt frá einföldum teikningum til mjög vel undirbúinna og nákvæmra lýsinga.

Ármann Örn sagði að í húsinu væri gert ráð fyrir tónlistargryfju sem nauðsynleg er vegna óperuflutnings en hins vegar er ekki gert ráð fyrir svokölluðum turni. Kvað Ármann Örn það hafa vilt örliðið um fyrir mönnum og sumir talið að tónlistarhúsið yrði ekki

ætlað fyrir óperur af þeim sökum. Sagði hann það hins vegar byggt á misskilningi þar sem tónlistarhúsið yrði fyrir alla tónlist sem Íslendingar kærdi sig um að hlýða á; hins vegar væri húsið ekki gert með það í huga að hægt væri að setja upp margar óperur í einu, en til þess að slíkt væri gjörlegt yrði turninn að vera til staðar.

Geirharður Þorsteinsson, dómnefndarmaður og arkitekt, sagði að sú leið hefði verið valin að reyna að hanna tónlistarhús þar sem hljómburður væri með besta móti og því hefði verið ákveðið að gera bygginguna ekki of flókna, til dæmis með því að gera ráð fyrir sviðsturni, en þá mætti búast við að gera þyrfti aukaráðstafanir vegna hljómburðar seinna meir. Þá sagði hann það einnig vera mun raunhæfari kost að byggja tónlistarhús sem ekki yrði of dýrt til þess að það kæmi sem fyrst til sögunnar.

Á fundinum kom fram að sjö milljónir hafa þegar safnast til byggingar hússins, en betur má ef duga skal, og framundan er mikil vinna. Treysta samtökin á áframhaldandi stuðning allra tónlistarunnenda.



Davíð Oddsson, borgarstjóri, opnaði sýninguna sem haldin er á öllum 75 tillögnum sem bárust. Við hlið hans stendur forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir og fyrir aftan hana má sjá þau Ármann Örn Ármannsson, formann dómnefndar, og Ástríði Thorarensen.


## Dan Cristensen, arkitekt:

# Haldið ykkur við upphaflegu hugmyndirnar

„Ráð mitt til þeirra sem að þessu verkefni standa, og vilja reisa listrænt tónlistarhús, er að halda sig við þær hugmyndir og áætlanir sem í upphafi voru gerðar,“ sagði Dan Cristensen, danskur arkitekt, sem hlaut þriðju verðlaun í samkeppninni. Hann hefur fengist talsvert við að teikna tónlistarhús, og meðal annars unnið keppni af þessu tagi í Finnlandi og á Hjaltlandseyjum. Þá er hann einnig höfundur að hönnun tónlistarhúss í Árósum í Danmörku.

Cristensen sagðist hafa slæma reynslu af því að þegar farið væri af stað með framkvæmdir kæmu oft fram óskir um breytingar af einhverju tagi; til dæmis aukaherbergi hér og veitingastað þar og slíkar breytingar gæti oft reynst erfitt að framkvæma auk þess

sem það hleypti kostnaði upp úr öllu valdi. „Það getur tekið fjögur til tíu ár að byggja þetta hús,“ sagði Cristensen, „og á svo löngum tíma er auðvelt að gleyma þeim hugmyndum sem gengið var út frá við upphaf verksins. Í Árósum tók byggingin til dæmis ekki



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

## Verðlaunahafinn, Guðmundur Jónsson:

# Hefur unnið til 12 verðlauna í 16 samkeppnum

Skýr heildarmynd og traustvekjandi útfærsla segir í dómnefndarálitinu

„ÉG ÁKVAÐ STRAX og ég sá samkeppnina auglýsta að taka þátt í henni og fór að velja fyrir mér ákveðinni hugmynd sem síðan tók á sig fastari mynd eftir að ég var búinn að líta á allar aðstaður í Laugardalnum þar sem húsið á að rísa,“ sagði Guðmundur Jónsson, starfandi arkitekt í Osló, en hann hefur á undanförunum árum tekið þátt í 16 samkeppnum og unnið til verðlauna í 12 þeirra.

Í dómnefndarálitinu um tillögu Guðmundar segir að hún vekir strax athygli og virðingu fyrir skýra heildarmynd og traustvekjandi útfærslu. Þá segir að salirnir og öll aðstaða fyrir almenning einkennist af víðsýni og rausn heildarhugmynda sem sómi alþjóðlegu tónlistarhúsi og að tillagan nýti til fulls, umfram aðrar tillögur, þá möguleika sem umhverfið bjóði upp á. Þá er meðferð rýma og ásyndir sögð laus við óþarfa þrjá, en vekir samt virðingu sem slíkr byggingu beri.

Guðmundur sagðist ekki áður hafa teiknað tónlistarhús en kvaðst þó á námsárum sínum hafa teiknað tónlistarháskóla og þá fengið innsýn í margt af því sem á þyrfti að halda við hönnun tónlistarsala, svo sem hljómburðarfræði og lögun salarkynna þar sem tónlist væri leikin.


Aðspurður um út frá hvaða forsendum hann hefði byggt hugmynd sína að tónlistarhúsinu sagðist hann hafa reynt að láta legu hússins í landslaginu njóta sín sem best með Esjunna í baksýn. Þá hefði hann reynt að nýta hallann á lóðinni til að veita skjól



Morgunblaðið/Einar Falur Verðlaunahafinn, Guðmundur Jónsson, fyrir framan teikningar sínar af tónlistarhúsinu.

frá umferðinni í kring og mynda aðkomu að húsinu.

Guðmundur sagði að lokum að hann hefði orðið var við þá gagnrýni á tillögu sína að svo virtist sem ekki væri gert ráð fyrir óperuflutningi í húsinu til dæmis vegna þess að hljómsveitargryfju vantaði á teikninguna. Sagði hann það einungis vera vegna þess að við gerð tillögunar hefði hann haft það að markmiði að láta teikninguna draga fram aðalatriðin og vera sem skýrasta, það væri einfalt að koma fyrir hljómsveitargryfju og raunar væri gert ráð fyrir að hún yrði í húsinu.



Líkan af tónlistarhúsinu, sem nú er til sýnis í Odda, hugvísindahúsi Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að tré og tjarnir verði meðfram aðkomunni að húsinu en svona mun það líta út að framanverðu.